



23. mars  
2020

## Góðar fréttir af Snæfellsnesi á furðulegum tímum

Það hefur lengi staðið til að gefa út fréttabréf Svæðisgarðsins Snæfellsnes og þar sem eitt forgangsverkefnið í ár er meiri sýnileiki er ekki eftir neinu að bíða.

Framkvæmastjóri Svæðisgarðsins ætlar nú að gefa út fréttabréf 10 daga í röð (og sjá hvert það leiðir), þið verðið hugsanlega að taka viljann fyrir verkið. Smelli því inn á heimasíðu Svæðisgarðsins: [www.snaefellsnes.is](http://www.snaefellsnes.is) og facebook síðuna okkar. Ágætis heimaverkefni fyrir þá sem hafa nú óvæntan tíma að skoða verkfærakistuna og fræðast enn meira um Snæfellsnes.

## Umhverfismál á Snæfellsnesi

Allir eru meðvitaðir um að Snæfellsnes er umhverfisvottað svæði? Og höfum verið í 10 ár! Sjá [www.nesvottun.is](http://www.nesvottun.is)

Þurfum að vera á tánum á þessu sviði sem mörgum öðrum og t.d. er áhugavert að skoða áherslur ríkisvaldsins í sambandi við orkuskipti og grænar lausnir.

Við viljum gera betur, þurfum að gera betur, ætlum að gera betur. Til þess eru mörg tækifæri. Með samstarfsvettvanginn Svæðisgarð getum við hugsað þetta fyrir allt atvinnu- og þjónustusvæðið Snæfellsnes.



Snæfellingur í berjamó. Svæðisgarðurinn Snæfellsnes 2019



Nattúruskoðun frá sjó. Sæferðir 2019



Innviðaupbygging fyrir íbúa og gesti. Tómas Kristjánsson 2019

## Hvernig er hægt að segja góðar fréttir í dag?

Setjum kastljósið á ferðapjónustu:

Það er alltaf hægt að segja góðar fréttir. Það eru mjög sérstakar aðstæður núna í þjóðfélaginu eins og allir vita og undir slíkum kringumstæðum þurfum við öll að sýna úr hverju við erum gerð. Vinna áfram með öllum tiltækum ráðum þrátt fyrir forsendubresti og vera þannig tilbúin þegar "aftur kemur vor í dal".

Með þessu er á engan hátt gert lítið úr viðfangs-efnunum sem við blasa.

Fram hefur komið að það er t.d. c.a. 83% samdráttur milli ára hjá veitingahúsum í heiminum. Það er auðvitað mikill vilji til að draga úr högginu með öllum tiltækum ráðum og þessi fordæmalaus staða kallar á nýja nálgun og samvinnu allra sem málið varðar.

Ég hvet ykkur öll til að skoða aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar sem kynntur var í dag /10 nýjar efnahagsaðgerðir en heildaráhrif þeirra eru metin á 230 milljarða. (kynning komin á vef stjórnarráðsins).

Allir íbúar á Íslandi fá t.d. stafrænt gjafabréf til að ferðast innanlands þegar færi gefst á því (kostar 1.5 milljarð). Verið er að vinna alþjóðlegt markaðsátak sem verður keyrt af stað um leið og það er ábyrgt að hvetja folk til ferðalaga.



Gestastofa Snæfellsness á Breiðabliki. Svæðisgarðurinn Snæfellsnes 2019.

Hvað, ef eitthvað, er Svæðisgarðurinn búinn að gera fyrir þig í dag?

Dagurinn byrjaði á aðalfundi Sagnaseiðs hér í Gestastofu Snæfellsness á Breiðabliki. Þar er undirrituð reyndar ekki lengur með Svæðisgarðshattinn á höfðinu, unginn svo að segja floginn úr hreiðrinu þó að gott samstarf sé enn milli Sagnaseiðs og Svæðisgarðsins. Góð mæting miðað við allt og allt, fulltrúar frá fjórum sveitarfélögum og, eins og alltaf núna, var líka boðið upp á fjarfund. Heimasíða félagsins er [www.peopleoficeland.is](http://www.peopleoficeland.is). Að aðalfundi loknum var vinnusmiðja um nýjan vef félagsins.

Þá var fundur með Maggý/Markaðsstofu Vesturlands um þau tvö átaksverkefni sem unnið er að

nr.1

í gegn um Íslandsstofu, ýmíndarverkefni þar sem markhópurinn er erlendir ferðamenn, ríkið borgar, sérstök áhersla á landsbyggðina. Verður áhugavert að fylgjast með því þróast

nr.2

og Ísland 2020, í gegn um Ferðamálastofu, fyrir Íslendinga sem vilja ferðast um eigið land.

Markaðsstofa Vesturlands er að láta vinna fyrir sig markaðsefni sem Svæðisgarðurinn ofl. fá aðgang að. Það er mjög mikilvægt að stilla saman strengi svo allt nýtist sem best, við erum m.a. að vinna að því að gera ferðaleiðir á Snæfellsnesi sýnilegar og vinna að sækraferðum um Snæfellsnes.

Núna kl. 16 byrjar starfsmannafundur hér í Gestastofu Snæfellsness (einhverjir verða í gegn um fjarfund). 14 aðilar hafa lokið þjálfun og skipta á milli sín vöktum hér.

Enn er opið alla daga frá kl. 9 – 16, við fylgjumst vel með ráðleggingum og gætum sóttvarna. Veðrið það sem af er vetri hefur oft verið krefjandi og við teljum mikilvægt að hafa gestastofuna opna meðan einhverjir eru á ferð. Eins er eðlilega verið að breyta opnunartíma og viljum við hvetja öll ferðapjónustufyrirtæki til að láta vita um slíkt. Starfsmenn eru svo með langan lista af verkefnum sem þeir vinna þegar lítið er að gera í gestamóttöku.

Þess má líka geta að starfshópur um tekjumódel fyrir Gestastofu Snæfellsness (sem opnaði í júní 2019 og hefur gengið glimrandi vel) hefur fundað fjórum sinnum og skilar stjórn Svæðisgarðsins tillögum sínum með vorinu.

## Annað

Hvað viljið þið..?

Hugmyndin núna er að senda út 4 fréttapunkta á dag næstu 10 dagana.

Ábendingar og spurningar vel þegnar í netfangið: [ragnhildur@snaefellsnes.is](mailto:ragnhildur@snaefellsnes.is) og síma 8486272